

Fornleifaskráning í Eyjafirði III:

Melgerðismelar

Orri Vésteinsson

og

Adolf Friðriksson

Minjasafnið á Akureyri

Fornleifastofnun Íslands


FS003-94013

Akureyri 1995

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Melgerði og Rauðhús



Efnisyfirlit

1. Kafli Inngangur
2. Kafli Saga Rauðhúsa og Melgerðis
3. Kafli Fornleifaskrá
4. Kafli Verndun og kynning fornleifa á Melgerðismelum
Heimildaskrá

1. Kafli Inngangur

Unnið er að aðalskipulagsgerð á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit og þótti því rétt að láta skrá fornleifar þar, eins og gert hefur verið á aðalskipulagssvæðinu norðan Laugalands og Hrafnagils. Skipulagssvæðið takmarkast við melana og nær yfir mestan hluta landareignar Melgerðis og mjórrar ræmu af landi Rauðhúsa. Jarðirnar eru báðar litlar og voru því báðar skráðar í heild. Þar sem um er að ræða lítið afmarkað svæði, sem er bæði langt frá og talsvert öðruvísi en skráningarsvæðið utar í sveitinni, þótti rétt að gera um það sérstaka skýrslu. Reiknað er með að þær skráningarupplýsingar sem hér eru birtar verði síðar felldar inn í skýrslu um skráningu á fornleifum í Saurbæjarhreppi. Hér verður hinsvegar notað tækifærið og gerð sérstök grein fyrir möguleikum á kynningu og rannsóknum á svæðinu og um varðveislu og kynningu stríðsminja en nútímaminjar setja mikinn svip á melana og nágrenni þeirra.

Skýrsla þessi er með svipuðu sniði og Fornleifaskráning í Eyjafirði I og II en þó öllu samþjappaðri þar sem um mun minna svæði er að ræða. Að skráningu hefur verið staðið með sama hætti og fyrr. Hún er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Minjasafnsins á Akureyri, Héraðsnefndar Eyjafjarðar og Eyjafjarðarsveitar en verkefnið er kostað af hinum tveim síðasttöldu. Skráninguna gerðu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 24. og 26. júlí 1995.

2. Kafli *Saga Rauðhúsa og Melgerðis*

Hvorugrar jarðarinnar, Melgerðis eða Rauðhúsa, er getið í miðaldaheimildum og árið 1712 er jarðabók var gerð fyrir Saurbæjarhrepp voru báðar taldar hjáleigur frá Saurbæ, byggðar fyrir manna minni í úthögum staðarins (JbÁM X, 243). Land var þá óskipt milli staðarins og hjáleiganna og var ekki skipt löndum milli Melgerðis og Saurbæjar fyrr en 1912 (LmbE II, 56-58) en ekki virðast formleg landaskipti hafa átt sér stað milli Saurbæjar og Rauðhúsa. Báðar eru jarðirnar nú í eyði, Melgerði frá 1984 en Rauðhús frá 1959 og eru þau nytjuð frá Sandhólum.

Við skráninguna fannst dys (Ey-353:006) skammt vestan við bæjarstæðið í Melgerði og ef hún er kuml þá bendir það til að á þessum slóðum hafi verið byggð á 10. öld en kuml eru oftast nærri bæjum. Auðvitað er ekki óhugsandi að fólk hafi verið heygt á víðavangi fjarri byggðum. Bæjarnafnaendingarnar -gerði og -hús eru jafnan taldar benda til seinni alda byggðar. Bújarðir með -gerði sem nafnlið þekkjast frá 14. öld en nöfn sem enda á -hús eru jafnan talin yngri (ÓlBs). Í túninu á Melgerði mótar fyrir skeifulaga garði umhverfis eitt útihúsanna (Ey-353:004). Garðhverfa þessi kallast Hringur og er freistandi að álykta að það hafi verið hið upphaflega gerði frá Saurbæ og býlið hafi byggst upp á því fjárhússtæði með túnbletti í kring. Bæjarhóllinn í Melgerði er lágur og vitnar ekki um langa sögu byggðar. Bæjarhús á Rauðhúsum standa á náttúrulegri brekkubrún og er erfiðara að gera sér grein fyrir þykkt mannvistarlagar þar. Að öðru leyti verður lítið sagt um upphaf byggðar á þessum jörðum, en það að þeirra er ekki getið í máldögum Saurbæjarkirkju og að þær hafa verið komnar í byggð allnokkru fyrir 1712 bendir helst til seinni hluta 16. til fyrri hluta 17. aldar. Hið meinta kuml gefur vísbendingu um að á svæðinu geti eldri minjar engu að síður verið að finna í nágrenninu - gerðið í Melgerði gæti t.a.m. verið ævafornt og aðrar minjar um nýtingu úthaga Saurbæjar geta vel leynst á svæðinu.

3. Kafli FORNLEIFASKRÁ

Hér er birt skrá yfir minjar í Melgerði og Rauðhúsum. Er hún með sama sniði og skráin í "Fornleifaskráningu í Eyjafirði II". Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-353:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða þar sé enn að finna. Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin, 2) lítil, 3) mikil, 4) stórhætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni.

Ey-353 Melgerði

1712 var Melgerði hjáleiga frá Saurbæ, byggð þá fyrir manna minni og afdeild einasta að túni og útslægjum. Hér var búskapur aflagður 1982 en hin síðari ár hafði verið búið í húsum sem byggð voru 1925 og þá kölluð Alda. Þau standa SSV við túnið en leifar bæjarstæðis og útihúsa eru í túninu. Hluti flugvallarins á Melgerðismelum er í landi Melgerðis og eru á melunum hér og hvar minjar frá stríðsárunum. Engar búnaðarminjar fundust á melunum sjálfum en bærinn stóð sunnan undir þeim á þurrbakka ofanvið votlendið meðfram Eyjafjarðará.

Eitthvað hefur túnið verið sléttað en það er þó ekki rennslétt. Það hefur verið stækkað til N og A og hugsanlega í S frá því sem það var 1917, en ekki er það mikil nýrækt. Til austurs eru mýrar og ganga flákarnir upp í túnið og eru veitugarðar sjáanlegir milli túns og Eyjafjarðará.

Ey-353:001 bæjarhóll

65°28.322 N 18°10.445 V

Norðarlega í túninu, ca 30 m A við þar sem melurinn gengur lengst í S. Hóllinn er breiður og lágur og hefur ekki verið sléttað þétt upp að honum en kargapýfi er á honum og í kring. Á hólnum standa nú hálfhrunin fjárhús með hlöðu sem hafa verið byggð eða umbyggð eftir að bæjarhúsin voru flutt að Öldu. Fjárhúsin hafa verið tvístæð og sést steipt þró í öðrum garðanum. Ekki er að sjá að hér hafi verið grafinn kjallari þó ekki sé það óhugsandi og er líklegt að þessi bæjarhóll sé að mestu óskemmdur.

Hættumat: lítil

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-353:002 fjárhús/hlaða

65°28.331 N 18°10.379 V

Á lágum ávölum hól nyrst í túninu, ca 40 m NNA af Ey-353:001.

Húsin standa að mestu enn. Þakið hefur fallið inn í syðri hluta aðalhúsana. Vestan við gripahúsin er hlaða með steiptum grunni en uppbyggð af timbri.

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-353:003 heimild um útihús

65°28.278 N 18°10.332 V

Á þessum stað í túninu u.þ.b. 100 m beint í A frá bæjarstæði er lágur hóll sem greinist frá umhverfinu vegna kafgrass sem á honum er. Hús þau sem hér stóðu 1917 hafa verið rifin og sléttað yfir þau, en á hólnum miðjum er regluleg aflöng 6x3 m hvompa eins og kalblettur, um 0,25 m lægri en umhverfið.

Hættumat: lítil

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-353:004 "Hringur" - fjárhús og skeifulaga garður umhverfis

65°28.292 N 18°10.538 V

"Hringur heitir hluti af gamla túninu, út fyrir ofan gamla bæinn. Eru fornar garðleifar í kring og virðist það benda til þess, að þetta hafi verið túnstærðin upphaflega." segir í örnefnalýsingu jarðarinnar.

Vestarlega í túninu u.þ.b. 75 m SV við bæjarhól, gegnt melnum þar sem hann gengur lengst í S er lágur hóll í túninu og torfhús á honum og mjög sokkinn skeifulaga garður umhverfis.

Húsin standa enn, en komin eru göt á þak og vegg. Hús þessi sýnast hafa verið fjárhús og eru byggð á dálítili bungu fast innan við garðhverfuna SA-til. Garðurinn sést best næst húsunum ef horft er úr N, sést ógreinilega vestanmegin og tæplega nokkuð norðanmegin.

Hættumat: lítil

Heimildir: Túnakort 1917; ÖrnSaur, 174

Ey-353:005 heimild um útihús 65°28.269 N 18°10.610 V Á þessum stað í túninu eða í SV-enda þess, ca 50 m S við Ey-353:004 en 150 m N við núv. íb.hús er lágur aflangur hóll í túni og kafgras utaní honum sem sker sig frá túninu umhverfis. Hóllinn er aflangur frá N-S, sléttur að ofan og lægra og öðruvísi gras ofaná og eftir honum endilöngum en umhverfis.


Hættumat: lítil

Heimildir: Túnakort 1917; ÖrnSaur, 174

Ey-353:006 dys 65°28.375 N 18°10.665 V

Austaní melbrekku ofan við svokallaða Fit sem gengur í N frá bænum. U.þ.b. 200 m VNV frá gamla bæjarstæði í Melgerði (Ey-353:001) og horfir dysbúinn yfir bæjarstæðið. Frá dys þessari eru um 200 m V að þjóðvegi.


Hringlaga grjótlögn, um 2 m í þvermál og um 0,25 m á hæð. Hugsanlega er önnur dys (hestgröf?) um 2 m NV og ofar í brekkunni.



Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar og uppblásturs á melnum

Ey-353:007 tóft - stekkur 65°28.506 N 18°09.666 V

"Milli Yztaness og Miðness er lág eða graslendisgeil inn í melbrúnina, sem Bás heitir. Sunnar og ofar er lítil varða. Þar var stekkur fyrr, en staðurinn nefndur Skyrgerði (Ekki gamalt nafn)." segir í örnefnalýsingu. Ekki finnst varðan sem talað er um í örn.lýsingu og er því óvíst að um sömu tóft sé að ræða.



Tóftin er norðarlega í allmikilli hvos sem gengur inn í melinn frá Eyjafjarðará, u.þ.b. miðja vegu milli bæjarhúsa í Melgerði og sýningarsvæðis hestamanna - beint S af skeiðvelli upp á melnum. Tóftin er efst í grösugum hvammi, sem gengur N úr hvosinni. Berir melar eru allt um kring nema í SA þar sem áin er.

Tóftin er sporöskjulaga, um 12x8 m og standa hleðslur um 0,25 m háar. Norðaná tóftinni er eins og garðspotti sem gengur ca 4 m í NV upp í brekkuna. S af tóftinni eru ójöfnur sem gætu verið rústakyns.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: ÖrnSaur, 174

Ey-354 Rauðhús

Rauðhús voru hjáleiga frá Saurbæ 1712 og þá byggð fyrir manna minni í landi staðarins, afdeild einasta að túni og útsægjum. Fóru í eyði 1959 og eru nú nytjuð frá Sandhólum. Holtakot hét býli sem byggt var SA við túnið á Rauðhúsum árið 1915 en það fór í eyði 1938. Flugvöllurinn á Melgerðismelum er að hluta í landi Rauðhúsa og þeim megin merkjanna stóðu flestir braggarnir og sjást grunnar þeirra enn vel, sem og öskuhaugar, skotgrafir, varðbyrgi og margar aðrar minjar um veru hermanna hér.

Túnið næst bænum er slétt og hefur verið stækkað allmikið frá 1917, einkum til S og A. Svokallað Gerðistún SA af bænum er þúfnabanasléttu og einnig svokölluð Langaslétta SV af bænum.

Heimildamaður: Haraldur H. Jónsson f. hér 27.7.1930.

Ey-354:001 bæjarstæði

65°28.527 N 18°11.335 V

Bæjarhúsin sjást ekki af Þjóðveginum en farið er upp með slóða að appelsínugulum sumarbústað. Bæjarstæðið er efst (vestast) í túninu og aflíðandi brekka niðuraf en holt fyrir ofan.

Bæjarhóllinn er stór og breiður en ekki mjög hár og er ekki víst að hversu miklu leyti hann er manngerður. Á honum standa enn hús. Annarsvegjar er þil af tréhúsi sem var fyrst byggt í Möðrufelli en síðar flutt í Rauðhús af Jóni Einarssyni bónda hér (1878-1951). Í þessu húsi uppgötvuðust í fyrra útskornar fjalir sem færðar hafa verið á Þjóðminjasafn. Húsið er nú að hruni komið og er að mestu fallið saman vestantil. Aftaní er það að hluta byggt úr torfi. Áfast timburhúsinu norðanvið er gripahús hlaðið úr steiptum steinum og hefur það verið stækkað til N a.m.k einu sinni og þá notaðir aðeins minni steinar. Hús þetta, sem enn virðist vera notað undir hross, er merkur vitnisburður um horfna byggingartækni. Aftan við hús þetta hefur staðið braggi, líklega notaður sem hlaða, og hefur verið djúpur steinsteypur grunnur undir honum en að öðru leyti virðist ekki hafa verið grafið mikið niður í þennan bæjarhól. Skammt V við hús þessi standa hálfhrunin fjárhús með hlöðu og hefur þar heitið Fjárhúsholt. Suður af þeim og ofar í túninu stendur hálfhrunið hesthús með heytóft og hét hóllin þar upp af Hesthúshóll. Um 50 m S af bænum var brunnurinn og hétu þar Brunnþúfur en nú hefur verið grafinn skurður þarna og sér hvorki til brunnsins né þúfnanna.


Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Túnakort 1917; ÖrnSaur, 177.

Ey-354:002 tóft - stekkur

65°28.773 N 18°11.238 V

"Skammt fyrir sunnan (Urgumýrarskott) eru 2 hólar, Ytri- og Syðri-Stekkjarskott. Sunnan undir hólunum eru rústir af stekki eða kvíum. Sunnan við hólana eru Efra- og Neðra Stekkjarsund." segir í örnefnalýsingu. Staðurinn er beint N af bænum og beint A af Klofasteinum. Tóftin stendur



sunnan undir grónum melhól og er mýrlent sund suðuraf. Lögunin er óregluleg, mest um 12m á lengd og 6 m á breidd og standa grónar hleðslur um 0,75 m háar. Greinileg eru tvö hólf með grjóti í veggjum en við N-endann er grunnt hólf og ógreinilegt.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: ÖrnSaur, 175-76.

Ey-354:003 "Rauðhóll" - heimild um fjársjóð

"Beint upp af Háumýri er hár hóll toppmyndaður, er heitir Rauðhóll. Munnmæli herma að fé sé fólgið í hól þessum." segir í örnefnalýsingu.

Grjótið í þessum hól er svo rautt að hægt er að skrifa með því. Talið er að bærinn dragi nafn af Rauðhól, en rauðleitt berg er raunar víða að finna á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÖrnSaur, 176.

Ey-354:004 heimild um mógrafir

"Niður undan Háumýri er hóll, en suður af honum er Svarðarás og bak við hann er Svarðarmýri. Upp af henni er grund, nefnd Svarðargrund. Þar austan við Svarðargrafirnar er Svarðarhóll. Sunnan við er allstór mýri." segir í örnefnalýsingu. Sunnan og Vestan við bæinn upp á halli - Háamýri er beint V af bænum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÖrnSaur, 176.

Ey-354:005 "Hálgötur" - heimild um götur

"Syðst í Stórumýri eða suður af henni er lítið skott suður á milli tveggja hóla. Eru það Breiðhólar efri og neðri. Lágu götur suður skottið milli hólanna, suður og upp í stefnu á Háls og kallaðar Hálgötur." Heimildir: ÖrnSaur, 176.

Ey-354:006 "Jámundarklappir" - huldufólksbústaður

"Rétt austan við (Litlasund) eru klappir í Jámundi, nefndar Jámundarklappir. Héldu menn að þar byggi huldufólksbústaður." segir í örnefnalýsingu.

Jámundarklappir eru syðst í landareigninni.

Heimildir: ÖrnSaur, 176.

Ey-354:007 "Saurbæjargötur" - heimild um götur

"Götur liggja um (Jámundarklappir) frá Rauðhúsum að Saurbæ, kallaðar þar Saurbæjargötur." segir í örnefnalýsingu.

Götur þessar voru syðst í landareigninni á móts við brúna yfir að Möðruvöllum en talið er að til þeirra sjáist ekki lengur.

Heimildir: ÖrnSaur, 177.

Ey-354:008 "Gerði" - heimild um hesthús

65°28.456 N 18°11.283 V

"Upp undan mýrinni (útundan Steinahlíð) er holt, er Gerðisholt heitir (nú sléttað) og þar ofan við Gerðistún - var fráskið aðaltúninu af vatnsfarvegi. Þar var hesthús nefnt Gerði, og þótti reimt þar. Síðast var þar fjárhús frá Holtakoti sem stóð skammt fyrir sunnan Gerðið ... Upp undan Gerðishúsi var Gerðishóll." segir í örnefnalýsingu.

U.þ.b. 200 m SA við bæjarhús í Rauðhúsum. Gerðishóllinn er stór, stakur og áberandi hóll í SA frá bænum í túninu og er sléttað upp á hann hringinn í kring. Allmiklar hvompur eru í túnbrúninni og í túninu sjálfu NA við hólinn og man HJ eftir að þar hafi verið tóftabrot.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: ÖrnSaur, 177.

Ey-354:009 heimild um tóftir

"Syðst og neðst í gamla túninu voru tóftarústir, og er þess getið til að þar hafi verið kvíar." segir í örnefnalýsingu.

Hvergi sést móta fyrir þessum rústum í sléttu túninu og er nákvæm staðsetning óþekkt.

Heimildir: ÖrnSaur, 178.

Ey-354:010 "Kónsstaðir" - heimild um byrgi

"Hryggur er upp og ofan við gamla túnið, nefndur Kónsstaðahryggur. Lítið byrgi var efst á honum, nefnt Kónsstaðir." segir í örnefnalýsingu.

Byrgi þetta fannst ekki við leit og er líklega horfið en nákvæm staðsetning er ekki þekkt.

Heimild: ÖrnSaur, 178.

Ey-354:011 "Hornhús" - heimild um fjárhús

"Út og niður frá Bala, í norðaustur túnhorninu, var eitt sinn fjárhús, nefnt Hornhús og túnið

í kring Hornhústún. Þar neðan og utan við var Hornhúsmór og Hornhúsbrún neðan við (nú allt tún)." segir í örnefnalýsingu.

Smáhæð sem gæti verið rústabunga er nyrst í túninu vestan við skurð en ekki er vitað hvort hún er á sama stað og Hornhúsin voru á.

Heimildir: ÖrnSaur, 178.

Ey-354:012 reiðgötur

"Ofan við Kónsstaðahrygg lágu götur út hólana ofan við Urgumýri. Lágu götur þessar til Samkomugerðis." segir í örnefnalýsingu.

Fyrir götum sést enn móta á þessum slóðum á nokkrum stöðum og stefna þær í átt að gömlu brúnni yfir Djúpadalsá. Göturnar liggja yfir mela og mýrasund og eru hvorki samfelldar né á afmörkuðu svæði heldur má greina þær samhliða á allbreiðu belti.

Heimildir: ÖrnSaur, 178.

Ey-354:013 heimild um götur

"Neðan við kvíarnar er lág, sem heitir Pollalág og ofan við þær Pollalágarbrún, þýft mýrasund, en neðan við bratt hall, Pollalágarhall. Lágu þar götur um, út og fram á Mela til Guðrúnarstaða." segir í örnefnalýsingu

Ekki sást til þessara gatna en dauðaleit var heldur ekki gerð að þeim

Heimildir: ÖrnSaur, 178

Ey-354:014 heimild um götur

"Utan við Löngusléttu lágu götur suður og niður í Melgerði" segir í örnefnalýsingu

Heimildir: ÖrnSaur, 178.

Ey-354: 015 "Gálghamar" heimild um aftökustað

65°29.350 N 18°10.935 V

"Nokkurn spöl fyrir ofan Djúpadalsárbrú, mitt á milli hennar og þar sem gamla brúin var, er klettur í gilinu að austan, sem skagar ögn fram. Heitir hann Gálghamar. Er sagt, að þar hafi sakamenn verið hengdir." segir í örnefnalýsingu

Hamarinn er berggangur sem Djúpadalsáin hefur brotið sig í gegnum, um 150 m V við núverandi brú en skammt A við gamla brúarstæðið. Gangurinn er miklu hærri

sunnanmegin árinna og slútir fram á NA horninu og þar hefði mátt bregða reipi um.

Heimildir: ÖrnSaur, 175.

Ey-354:016 brúarstæði

Í árgili Djúpadalsár "var komið upp stuttri brú á traustum burðartrjám milli klappa tiltölulega snemma á 19. öld. Er hún jafnvel talin elsta brú, sem því nafni megi nefnast, í öllum innfirðinum. Merki hennar sér enn þarna í vinalegu árgilinu. Brúin sú var hestfær en kerru eða vagnfær var hún aldrei." Önnur brú kom yfir Djúpadalsá litlu fyrir aldamót en það munu leifar hinnar fyrri sem enn sjást í gílinu. Það eru örmjóir hlaðnir stöplar neðst í gílinu þar sem það er þrengst og þar sem kemur hlykkur á ána til N framhjá Gálghamri. Stöplarnir eru sitthvorumeginn árinna

Heimildir: SSE II, 289, 358.

4. Kafli Verndun og kynning fornleifa á Melgerðismelum

Æði misjafnt er hvernig komið er fyrir menningarminjum á þessum tveimur jörðum. Í Rauðhúsum hafa nálega allar minjar við bæinn verið sléttaðar undir tún og fyrir götum þeim sem lýst er óvenjunákvæmlega í örnefnalýsingu sér óvíða. Í Melgerði hafa hinsvegar verið litlar framkvæmdir heima við bæinn og ekkert virði hafa verið sléttað með stórvirkum vinnuvélum. Þar standa enn að nokkru útihús úr torfi frá þessari öld allsstaðar á gömlum byggingastæðum. Æskilegt væri að sem minnst verði hróflað við svæðinu sunnan við melana, þ.e. milli melbrúnarinnar og húsanna á Öldu. Einnig er nauðsynlegt að séð verði til að dysin syðst við Fitina og næsta nágrenni hennar verði ekki fyrir hnjaski.

Dysin og garðhverfan í túninu í Melgerði sem kallast Hringur eru hvorttveggja rannsóknarefni; dysin er líklega kuml og garðhverfan gæti gefið mikilsverðar vísbendingar um hin svokölluðu gerði, hvað þau voru og frá hvaða tíma og eins gæti rannsókn þar leitt í ljós hvenær föst búseta hófst á staðnum.

Á melunum sjálfum eru engar sýnilegar minjar. Þar hefur verið gróðurlaust að mestu frá ómunatíð og ekki að vænta mannvirkjagerðar. Aðeins er meintur stekkur í svokölluðum Bás en nauðsynlegt verður að taka tillit til hans við skipulagningu svæðisins.

Flestar minjar í Rauðhúsalandi liggja utan við aðalskipulagssvæðið; stekkurinn er í jaðri þess eða rétt utan við, Gálghamar og gamalt brúarstæði eru í NV horni þess en göturnar sem lýst er í örnefnalýsingu eru flestar utan við aðrar en þær sem lágu frá Rauðhúsum til Guðrúnarstaða og til þeirra sér ekki lengur.

Á melunum og í Rauðhúsalandi er nú hafin allmikil trjárækt og er nauðsynlegt að fullt tillit verði tekið til fornleifa við skipulagningu og hirðingu tjánna.

Eins og kunnugt er þá eru fornleifar skilgreindar í lögum (16. gr. Þjóðminjalaga, nr. 88/1989) sem leifar fornra mannvirkja, hundrað ára eða eldri. Jafnframt kemur fram að heimilt sé að friðlýsa yngri minjar. Ekki er kveðið nánar á um friðhelgi yngri minja, en ljóst er að í mörgum tilfellum er mikilvægt að þær njóti einhverjar verndunar, hvort heldur sem þinglýst friðlýsing kemur til eða ekki. Frá upphafi fornminjaverndar á Íslandi hefur áherslan verið lögð á minjar frá elstu tíð. Um verndun og skráningu yngstu minja eru engar hefðir eða opinber stefnumörkun. Við úrvinnslu í þróunarverkefninu í Eyjafirði er því ekki unnt að hafa stuðning af mótaðri stefnu, en engu að síður er nauðsynlegt að leggja mat á menningarsögulegt gildi yngstu minja á svæðinu. Er þessa getið hér, enda eru þær minjar sem mest eru áberandi á Melgerðismelum frá miðri 20. öld, þ.e.a.s. ummerki um veru breskra og bandarískra hermanna hér á stríðsárunum. Við upphaf hernáms voru umfangsmiklar hernaðaraðgerðir og framkvæmdir víða um land. Lagðir voru vegir og gerðar aðrar samgöngubætur, reist braggahverfi, varnarmannvirki og flugvellir. Við lok heimsstyrjaldar glötuðu þessi mannvirki sínu upphaflega hlutverki og voru nýtt til annarra þarfa, fjarlægð eða eyðilögð. Hér og hvar má enn finna stríðsminjar og á síðustu árum hefur athygli ferðamanna og almennings verið beint að þessum minjum í ríkara mæli. Nýlega hefur verið stofnað stríðsminjasafn á Austfjörðum og mun það án efa verða öðrum hvatning til að varðveita heimildir um þetta tímabil í Íslandssögunni. Við fornleifaskráningu á Melgerðismelum 1995 var ekki ráðist í rækilega úttekt á stríðsminjum en það væri vissulega verðugt verkefni, enda hefur enginn uppdráttur eða úttekt verið gerð á þessum minjum. Ekki þarf að efast um sögulegt gildi staðarins.

Flugvöllurinn á Melgerðismelum var eini flugvöllurinn á Norðurlandi í stríðsbyrjun og var þar strax komið upp varðliði vorið 1940. Varðsveitin hélt í fyrstu til í tjöldum við Djúpadalsá, en sumarið 1941 voru reistar þar herbúðir og voru þær stækkaðar þegar Bandaríkjamenn komu til skjalanna (JHHern., bls. 148). Enn má sjá skýr verksummerki þar: braggagrunnar, skotgrafir, varðbyrgi, vatnsgeymir og urðunarstaðir. Það kemur á óvart

hverju lítið hefur verið hreyft við þessum minjum frá stríðslokum. Þar liggja enn á víðavangi ryðgaðar dósir og aðrir hlutir úr fórum hermanna, sem sumir eru sundurskotnir, enda notaðir við skotæfingar varðsveitarinnar. Vegaslóðum og skotgröfum hefur enn ekki verið spillt. Ferðalangur á göngu um svæðið stendur þar andspænis sögu nútímans. Fjarri hringiðu stríðsógna, í fjarska tímans, birtist saga hernaðar og átaka í þessum minjum sem e.k. áminning um breiskleika mannsins.

Á síðustu árum hefur verið allveruleg uppbygging sumarbústaða í flestum sveitum á Íslandi. Hefur byggilegum skikum sem óbyggilegum verið breytt í sumarbústaðabyggð. Á Melgerðismelum hefur nýlega verið hannað sumarbústaðaland á stríðsminjasvæðinu. Þar er fyrirhugað að leggja vegi og reisa allnokkra sumarbústaði þar sem nú eru gömul braggastæði og fleiri stríðsminjar. Nú þegar hefur verið reistur einn bústaður samkvæmt fyrirbyggjandi uppdrætti, sem samþykktur var 1987 af skipulagsstjórn, hreppsnefnd Saurbæjarhrepps og staðfestur af Félagsmálaráðuneyti. Verði framkvæmdum haldið áfram samkvæmt þeirri áætlun munu minjarnar verða að víkja. Verður þá ekki aftur snúið. Markverðum heimildum um hlut Íslands í heimsstyrjöldinni síðari verður eytt og tæpast verður unnt að gera svæðið aðlaðandi eða spennandi fyrir ferðamenn. Á það má minna að jafnvel þó að setuliðið hafi haft mikil umsvif í Eyjafjarðarsveit eru ummerki um veru þess óðum að hverfa og hefur t.a.m. nýlega verið rutt burt öllum ummerkjum um bragga og spítala á Hrafnagili. Minjunum á Melgerðismelum hefur enn ekki verið spillt að neinu ráði og er enn svigrúm til að bjarga þeim frá eyðileggingu og varðveita þannig þessar einstöku heimildir um sögu lands og héraðs.

Með hliðsjón af menningarsögulegu gildi minjasvæðisins og mögulega hagnýtu gildi þess einnig, er hér með lagt til að Eyjafjarðarsveit komi því í kring að ekki verði af frekari framkvæmdum eða raski um sinn. Þó skammt sé um liðið frá staðfestingu þessa uppdráttar, þá hefur löggjöf um fornleifavernd, skipulagsgerð og umhverfisvernd tekið stakkaskiptum. Æskilegt væri að við nýframkvæmdir í Eyjafjarðarsveit verði unnið í anda hinna nýju laga og þeirra almennu viðhorfa sem nú gilda um verndun minja og náttúru. Hér er einnig lagt til að Eyjafjarðarsveit láti gera sérstaka skráningu á minjasvæðinu, þ.e. deiliskráningu og á grundvelli hennar verði teknar ákvarðanir um framtíðarráðstöfun þess. Með því móti gefst ráðrúm til að leggja fram vandlega rökstudda greinargerð um verndun svæðisins að hluta eða í heild, um hugsanlega kynningu á svæðinu fyrir ferðamenn og leita samkomulags við hagsmunaaðila.

Heimildaskrá

JHHern.: Jón Hjaltason: *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði*, Akureyri 1991.

ÓlBs: Ólafur Lárusson: *Byggð og saga*, Reykjavík 1944.

SSE: Hjörtur E. Þórarinnsson: *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*, 2 bindi, Akureyri 1994.

ÖrnSaur: *Örnefni í Saurbæjarhreppi*, Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson hafa safnað og gefið út [án útg.st.] 1957.